Árið 1990, mánudaginn 26. nóvember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Jóni Finnssyni, Jónasi A. Aðalsteinssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni G. Tómassyni og Má Péturssyni.

**Fyrir var tekið:**

**1. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 2. gr. laga nr. 92/1986 tekur til, ríkissáttasemjara og ríkisendurskoðenda.**

---

I

Frá 1. desember 1990 skulu laun forseta Íslands vera 311.765 krónur

II

Frá 1. desember 1990 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 259.304 krónur en laun annarra hæstaréttardómara 235.731 krónur.

III

Frá 1. desember 1990 skulu laun forsætisráðherra vera 301.305 krónur en laun annarra ráðherra 273.912 krónur, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi.

IV

Frá 1. desember 1990 skulu laun ríkissaksóknara vera 235.731 krónur.

V

Frá 1. desember 1990 skulu laun ríkissáttasemjara vera 235.731 krónur.

VI

Frá 1. desember 1990 skulu laun ríkisendurskoðanda vera 209.285 krónur.

VII

Frá 1. desember 1990 skulu laun biskups Íslands vera 205.810 krónur.

VIII

Frá 1. desember 1990 skulu laun ráðuneytisstjóra vera 202.392 krónur.

IX

Frá 1. desember 1990 skulu laun skrifstofustjóra Alþingis vera 202.392 krónur.

X

Frá 1. desember 1990 skulu þessum ríkisstarfsmönnum greidd mánaðarlaun sem hér segir:

136.993 krónur: Ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi

162.214 krónur: Borgardómarar
Borgarfógetar
Héraðsdómarar
Sakadómarar
Sýslumaðurinn í Dalasýslu
Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu
Bæjarfógetinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn í Strandasýslu
Bæjarfógetinn á Siglufirði
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði
Bæjarfógetinn í Neskaupsstað
Sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu
Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu

Yfirdýralæknir

173.540 krónur: Bæjarfógetinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadals-
sýslu og bæjarfógetinn í Ólafsvík
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og
bæjarfógetinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Árnessýslu og
bæjarfógetinn á Selfossi
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
Rektor Kennaraháskóla Íslands
Rektor Tækniskóla Íslands
Tollgæslustjóri
Verðlagsstjóri

179.523 krónur: Formaður ríkisskattanefndar

185.722 krónur: Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu og bæjarfógetinn
í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu og bæjarfógetinn
í Keflavík, Grindavík og Njarðvík
Bæjarfógetinn í Kópavogi
Flugmálastjóri
Orkumálastjóri
Rafmagnsveitustjóri ríkisins
Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins
Ríkislögmaður
Skattrannsóknarstjóri
Tollstjórinn í Reykjavík
Yfirborgarfógetinn í Reykjavík
Yfirborgardómarinn í Reykjavík
Yfirsakadómarinn í Reykjavík

192.134 krónur: Sendiherrar

199.186 krónur: Forstjóri ríkisspítalanna
Landlæknir
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Póst- og símamálastjóri
Rektor Háskóla Íslands
Ríkisskattstjóri
Vegamálastjóri

Ákvörðun þessa kafla tekur ekki til þeirra, sem nota heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92/1986.

## XI

Um launakjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem Kjaradómur ákveður laun skv. 2. gr. laga nr. 92/1986, skulu gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

1. Mánaðarlaun eru þannig ákveðin, að ekki skal vera um frekari greiðslur fyrir venjubundin störf að ræða, þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Innheimtu- og uppboðslaun falla niður, þar sem um þau hefur verið að ræða. Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera 1,0385% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.

2. Um orlof skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarasamningi BHMR og ríkisins. Um orlofssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.

3. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, ferðakostnað og slysatryggingar.

**2. Að taka ákvörðun um þingfararkaup og kostnað alþingismanna samkvæmt annarri og fjórðu grein sbr. 12. grein laga númer 75/1980 um þingfararkaup.**

---

Frá 1. desember 1990 skal þingfararkaup vera 165.985 krónur á mánuði. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun forseta sameinaðs Alþingis vera 182.681 krónur.